

Dags. fundar: 31. mars 2014	Tími: 17.15.	Nr. fundar: 40
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Fundarritari: Björn Valdimarsson	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. FINA listi #18.
2. ÍM50
3. Dómaranámskeið.
4. Stefnumörkunarráðstefna.
5. Smáþjóðaleikar.
6. Önnur mál.
 - a. Uppröðun starfsmanna á mótum.
 - b. Þýðing á almennum reglum 2013-2017.
 - c. Bókun stjórnar SSÍ vegna fatnaðar.

Viðstaddir: Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Jón Hjaltason, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Hilmar Örn Jónasson.

Boðuð forföll: Gunnlaugur Þráinsson og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

Dagskrá:

1. Margir yfirdómarar hafa sýnt áhuga á að komast á lista sem alþjóðlegir dómarar. Lokafrestur til að skila umsóknum til DMT-nefndar er til 23. apríl og verða stjórn SSÍ sendar þær til lokaumsagnar í byrjun maí. Lokafrestur til að sækja um til FINA er til 30. júní.
2. Jón Hjaltason mun sjá um skráningar starfsmanna á ÍM50 sem haldið verður 11.-13. apríl n.k. Mönnun á yfirdómurum og ræsum er á lokastigi.
3. Dómaranámskeið voru haldin á Akranesi og í Reykjavík 27. mars sl. Ekki var þátttaka í Reykjavík eins og vænst var. Námskeið verður haldið í maí hjá ÍRB í tengslum við Landsbankamót ÍRB. Bóklegi hlutinn verður fimmtudaginn 8. maí og verklegi hlutinn á Landsbankamótinu 9.-11. maí. Einnig verður námskeið haldið í tengslum við Vormót Breiðabliks, bóklegi hlutinn fimmtudaginn 22. maí og verklegi hlutinn 24. og 25. maí.
4. Í vinnuþöggum sem eru á vefsíðu SSÍ af stefnumörkunarráðstefnu SSÍ finnst DMT-nefnd misskilnings gæta varðandi starf nefndarinnar og bendir á erindisbréf nefndarinnar sem samþykkt var af stjórn SSÍ 8. janúar 2014.
5. Undirbúningur fyrir Smáþjóðaleikana er ekki hafin að neinu ráði hjá ÍSÍ og ekki byrjað á að festa niður hvar aðstaða fyrir starfsmenn verður eða aðra aðstöðu tengda mótinu. Inngangan sem æfð var á Gullmóti KR þótti heppnast vel og verður lagt upp með að endurtaka hana á ÍM50 og fínþússa hana til.
6. a. Rætt var um hvernig best sé fyrir þá sem sjá um að raða fólki í stöður á mótum að vita hvaða stöður hver og einn er fær um. Nokkuð er ljóst að dómaranemar sitja oftast sem snúningsdómarar en margir almennir dómarar eru færir um og vilja sitja í öðrum stöðum s.s. sem tæknidómarar eða yfirsúningsdómarar. Stundum bregður fyrir að félög setja nema í stöður sem þeir geta ekki sinnt þar sem þá skortir þjálfun og reynslu. Spurning um

hvort dómara sjálfir eigi að óska í meira mæli eftir sérstökum stöðum á bakkanum sem taka má tillit til við uppröðun á mótin. Rætt almennt um starfsréttindi dómara.

b. Þýðing á almennum reglum 2013-2017 er lokið og verður hún send stjórn SSÍ til samþykktar innan skamms.

c. Í bókun stjórnar SSÍ frá 19. febrúar varðandi dómarafatnað stendur „Stjórn SSÍ ræddi fatnaðarmál dómara. SSÍ útvegar dómaranemum sem ljúka námskeiðum einkennisbol dómara. Aðrar kröfur eru ekki gerðar um klæðnað dómara á mótum“ Má skilja þessa bókun þannig að SSÍ ætli ekki að gera neinar kröfur um klæðnað dómara nema þeir verði í þeim bolum sem SSÍ mun útvega. Er það álit stjórnar SSÍ að dómara geti verið klæddir á hvern þann hátt sem þeim sýnist t.d. í gallabuxum og stuttbuxum, jafnvel berfættir?

Fundi slitið kl: 19.00. **Næsti fundur:** mánudaginn 28. apríl kl. 17.15 í Laugardalslaug.